



Minnisblað - Suðurtangi breyting á aðalskipulagi

Unnið er að nýju deiliskipulagi fyrir Suðurtanga, bæði austan megin og vestan megin. Vinnan við deiliskipulagið austan megin er komin heldur lengra því breyta þarf landnotkun í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 fyrir vestari hlutann. Búið er að ákveða að breyta íbúðarsvæði vestan megin á Suðurtanga í athafnasvæði og að hluta til í iðnaðarsvæði. Til að hægt verði að klára bæði deiliskipulögin er æskilegt að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulaginu nú þegar og gæti sú breyting tekið gildi í ágúst 2024. Deiliskipulag vestan megin á Suðurtanga gæti tekið gildi á sama tíma.

Að auki er rétt að nota tækifærið og breyta landnotkun syðst á Suðurtanga í svæði fyrir gáma (iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæði). Mögulega ætti einnig að taka með landfyllingu suð-vestan megin á tanganum.

Óskað er eftir að skipulags- og mannvirkjanefnd heimili að farið verði í þessa vinnu og nefndin leggi til við bæjarstjórn að heimila vinnu við breytingar á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna breyttrar landnotkunar á Suðurtanga.

